

Greinagerð forstöðumanns Gerðarsafns um úttekt KPMG á starfsemi safnsins

Gerðarsafn er hornsteinn menningararlífs Kópavogsbæjar með listrænni starfsemi sem styður við lýðheilsu, menntun og þátttöku bæjarbúa í menningu. Menningarstarf bæjarins er kjarni ímyndar Kópavogsbæjar og aðdráttarafl fyrir innlenda sem erlenda gesti. Í Gerðarsafni er unnið eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með því að bjóða upp á menningarlíf óháð efnahag og samfélagsstöðu, bjóða ólíka hópa velkomna og styðja við þátttöku og menntun barna í skipandi greinum. Með áherslu sinni í sýningarhaldi og öflugt fræðslu- og viðburðastarf hefur aðsókn á safnið ríflega fjórfaldast á síðastliðnum árum.

Úttekt KPMG á starfsemi Gerðarsafns sýnir þá þörf safnsins fyrir aukið starfsfólk og undirstrikar þau ónýttu tækifæri sem hægt væri að vinna að með auknum starfsgildum, þá sérstaklega tekjuaflandi verkefni og aukna þjónustu við bæjarbúa.

Hér að neðan er brugðist við helstu atriðum skýrslunnar og settar fram leiðréttingar á rangfærslum.

1.0 Áskoranir samkvæmt skýrslu KPMG (síða 25)

1.1 Undirmannað að mati forstöðumanns

Gerðarsafn heldur úti metnaðarfullri og öflugri starfsemi á sviði myndlistar. Unnið hefur að mikilli uppbyggingu á starfsemi Gerðarsafns síðustu ár sem hefur orðið til gríðarlegrar aukningar á gestafjölda safnsins, stórra sýninga-, fræðsluverkefna og öflugs alþjóðlegs samstarfs og samvinnu við listahátíðir, mennta- og menningarstofnanir. Safnið hefur hlotið fjölda styrkja til starfsemi sinnar frá styrktarsjóðum innan safna- og myndlistarfagsins og hefur hlotið viðurkenningar fyrir starf sitt, á við tilnefningu til Safnaverðlaunanna 2021.

Starfsemi Gerðarsafns er margföld á við starfsfjölda safnsins en á safninu starfa eru 2,5 stöðugildi á skrifstofu: forstöðumaður (100%), verkefnastjóri sýninga (100%) og verkefnastjóri fræðslu og viðburða (50%). Við móttöku og safnbúð eru 1,2 stöðugildi.

Í samanburði KPMG á öðrum lista- og hönnunarsöfnum (síða 29) má sjá hversu fáir starfsgildi eru í Gerðarsafni í samanburði við önnur söfn og sýna þá þörf að styðja betur við starfsemi safnsins. Samanburðurinn tekur ekki til fjölda gesta í hverju safni fyrir sig þrátt fyrir gríðarlegan vöxt í aðsókn gesta í Gerðarsafni, sem hefur aukist úr 7.900 árið 2014 í 51.870 árið 2022.

Gerðarsafn er með þriðju stærstu safneign landsins en í safneigninni eru 4290 listaverk. Þrátt fyrir það er ekki stöðugildi fyrir umsjónaraðila fyrir safneignina. Í samanburði við önnur söfn og umfang starfseminnar skortir Gerðarsafn í það minnsta stöðugildi fyrir safneignarfulltrúa og fullt starf við fræðslu og viðburði. Með viðbót á stöðugildi fyrir safnbúð og útleigur myndu möguleikar safnsins til öflunar sértekna aukast til muna.

1.2 Kostnaður við uppsetningu sýninga

Fjölbreytt og spennandi sýningarhald í Gerðarsafni á samtímalist og myndlist fyrri tíma er grunnástæða fyrir mikilli aðsókn gesta á safnið. Í greiningu KPMG er sagt að kostnaður við uppsetningu sýninga séu ein af tveimur helstu áskorunum við starf safnsins. Í greiningunni er litið á allan kostnað Gerðarsafns við verktaka (síða 28) sem kostnað við sýningar, sem stenst ekki. Þær 26,6 millj. fyrir árið 2022 eru allar verktakagreiðslur safnsins við sýningar, fræðslu, viðburði, útgáfur, rannsóknir og umsjón safneignar. Þessi fjárhæð kemur að hluta til frá Kópavogsbæ en er að miklu

leyti greidd af þeim styrkjum sem safnið aflar sér til sinnar starfsemi, sem á árinu 2022 voru 22.614.659,-

Meðal þeirra aðila sem unnu að ólíkum hliðum starfsemi Gerðarsafns eru verktakar að vinna að uppsetningu sýninga, lýsingu, rafvirkjun, málningu og smíði. Þar eru greiðslur til listamanna fyrir að sýna á safninu samkvæmt verklagsreglum Gerðarsafns. Þar eru verktakar sem taka að sér fræðslu, móttöku skólahópa og viðburði safnsins en Gerðarsafn hélt 70 viðburði árið 2022. Verktakar eru einnig sérfræðingar sem koma að innri starfsemi safnsins á við forverði að ástandsskoða og forverja listaverk, ljósmyndun á sýningum og verkum úr safneign og grafíska hönnun fyrir útgefið efni, auglýsingar og kynningarmál.

Í greiningu á fjárhag safnsins á síðu 28 segir:

„Einnig er talsverður efniskostnaður vegna gerð sýninga eða samtals 5,9 millj. kr.“

Þessi staðhæfing stenst ekki þar sem innan þessarar upphæðar er 3.500.000,- sem Gerðarsafn hlýtur í styrk frá Lista- og menningaráði Kópavogsbæjar til kaupa á listaverkum ár hvert. Efniskostnaður fyrir sýningar og alla aðra smíðavinnu og almennt viðhald á húsbúnaði í Gerðarsafni fyrir árið 2022 er því 2.400.000,-

Tengt kostnaði við gerð sýninga kemur eftirfarandi tillaga fram á síðu 30:

„Leggja mat á hvort og þá hve mikið Gerðarsafn skuli greiða listamönnum fyrir uppsetningu eigin sýninga.“

Gerðarsafn greiðir listamönnum eftir verklagsreglum safnsins sem settar voru með samþykkt Lista- og menningaráðs Kópavogsbæjar árið 2018. Verklagsreglurnar voru settar í kjölfar samvinnu forstöðumanna listasafna á Íslandi við áttak Sambands íslenskra myndlistarmanna, *Við borgum listamönnum*, sem hófst árið 2013. Gerðarsafn, líkt og önnur listasöfn, greiðir listamönnum þóknun eftir flokkum sem tilgreina hvort um ræðir einkasýningu eða samsýningu og hvort unnin séu ný verk fyrir sýninguna eða eldri verk sýnd. Listamaður fær greidda þóknun sem er reiknað hlutfall af listamannalaunum en á árinu 2022 var þóknun til listamanna á bilinu 122.730 (1/4 listamannalauna) fyrir þátttöku í samsýningu til 451.500 (1 listamannalaun) fyrir einkasýningu. Sýningarhald Gerðarsafns og fagmennska í starfsemi safnsins myndi falla um sjálfa sig ef afturför yrði á því mikilvæga hagsmunamáli að greiða listamönnum fyrir vinnu sína.

2.0 Launakostnaður Gerðarsafns

Á síðu 27 er lögð fram tillaga til hagræðingar á launakostnaði:

„Að mati ráðgjafa eru tækifæri til að draga úr launakostnaði með því að draga úr opnunartíma og/eða draga úr mönnun á tilteknum tímum dags með sjálfsafgreiðslu.“

Í Gerðarsafni er einn starfsmaður í móttöku á opnunartímum safnsins sem sér um vörslu listaverka, vörslu hússins, móttöku gesta, afgreiðslu í safnbúð, símsvörun, tölvupóstsamskipti og kynningarmál. Við móttöku gesta felst menntunarhlutverk þar sem sýningum er miðlað og unnið að því að gera safnið að áfangastað fyrir ólíka samfélagshópa.

Hugmyndir um sjálfsafgreiðslu á listasafni eru að öllu óraunhæfar þar sem nauðsynlegt er að öryggisaðili tryggji öryggi listaverka og gesta á sýningum safnsins. Listaverk eru í eðli sínu mjög

viðkvæm og er verðmæti þeirra mikið, bæði fjárhagslegt og menningarlegt, og tjón á listaverkum gjarnan óbætanlegt.

Unnt er að skoða styttri opnunartíma á safninu samanber önnur söfn, sem mörg hver hafa lokað á mánudögum eða opna seinna á morgnanna. KPMG setur fram eftirfarandi útreikning á áætluðu hagræði við það að opna safnið klukkustund seinna á dag:

	Heildarkostnaður 2022	Launakostnaður á opnunarstund	Dregið úr opnun	Samdráttur klst á ári	Áætlað hagræði
Gerðarsafn	55.341.958	22.279	1 klst á dag	350	7.794.642

Útreikningur KPMG stenst ekki skoðun þar sem þau ganga út frá því að allir starfsmenn safnsins séu í móttöku á opnunartímum. Þegar launakostaður við móttökustarfsfólk á virkum dögum og um helgar er reiknaður út frá sömu styttingu á opnunartímum safnsins er raunverulegt hagræði eftirfarandi:

	Heildarkostnaður móttöku	Launakostnaður á opnunarstund	Dregið úr opnun	Samdráttur klst á ári	Áætlað hagræði
Gerðarsafn	13.814.640	5.557	1 klst á dag	350	1.944.941

3.0 Útleiga á sölum í Gerðarsafni

Unnt væri að sækja á ný mið í tekjuaukandi verkefnum á við útleigur með auknu starfsgildi í Gerðarsafni eða miðlægri umsjón útleiga. Í Gerðarsafni er hægt að leigja út almenn rými auk veitingarýmis fyrir veislur, móttökur og viðburði. Sú útleiga væri unnin í góðu samstarfi við rekstraraðila á veitingastað safnsins.

Talsverður kostnaður felst í útleigum þar sem 2-4 starfsmenn þurfa að vera á vakt á meðan á móttöku stendur og efla þarf enn frekar fjöldann ef óskað er eftir að hægt sé að skoða sýningar safnsins á meðan á móttöku stendur. Útleiguverð verður því að vera umtalsvert til þess að hagnaður náist á útleigu.

Lokaorð

Undirrituð vonar að úttekt KPMG verði rýnd með tilliti til þess mikilvæga menntunar-, lýðheilsu- og samfélagsstarfs sem fer fram í menningarhúsunum í Kópavogi. Starfsemin er öðrum menningarstofnunum til fyrirmyndar og hefur rutt nýjar brautir í þverfaglegu samstarfi og miðlun menningar á landsvísi. Mikil uppbygging er á nærumhverfi menningarhúsanna sem kallar eftir aukinni menningarstarfsemi. Auk þess eru spennandi tækifæri sem hægt væri að sækja í með aukinni samvinnun menningar- og ferðamála í Kópavogi. Það er mín einlæga von að unnið verði að því að styðja menningarstarf Kópavogsbæjar til áframhaldandi uppbyggingar til að veita enn betri þjónustu fyrir bæjarbúa Kópavogsbæjar.

Virðingarfyllt,

Brynja Sveinsdóttir

Forstöðumaður Gerðarsafns – Listasafns Kópavogs